**Nd.** **402. Nefndarálit**

um frv. til laga um gerðardóm i kaupgjaldsþrætum.

Frá allsherjarnefnd.

Þrátt fyrir skiftar skoðanir nefndarmanna á hvern hátt heppilegast sje að miðla málum og skera úr kaupgjaldsþrætum af hálfu löggjafar- og stjórnvalda, þá hefir þó nefndin orðið sammála um það, að mál þetta sje í sjálfu sjer svo mikilvægt, að ekki sje tilhlýðilegt að svæfa það í nefnd.

Hins vegar er nefndinni ljóst, að málið þarf ítarlegrar athugunar og undirbúnings við, og að frumvarp það, sem fyrir liggur, þarf svo mikilla breytinga við, að naumast mun vinnast tími til að koma því fram á þessu þingi.

Nefndin leggur því einróma til, að frumvarpinu, ásamt brtt. á þskj. 335, verði vísað til stjórnarinnar.

Alþingi, 20. apríl 1923.

Jón Þorláksson, form. — Magnús Jónsson, ritari. — Gunnar Sigurðsson, framsm.

Björn Hallsson. — Magnús Guðmundsson.